

# VENNMYNDIR

## Stærðfræðirökgreining

**Aldur nemenda:** Allur aldur

**Viðfangsefni:** Stærðfræði og rökleikni

**Færnimarkmið:** Þrep 1: getur bent á tengsl milli tveggja eða fleiri hugmynda (t.d. „... er eins og...” eða „... er allt öðruvísi en...”) Þrep 2: dregur rökréttar ályktanir. Þrep 3: getur útskýrt ólík sjónarmið

**Viðhorfamarkmið:** Þrep 1: sýnir vilja til að útskýra mál sitt, sýnir vilja til að skilja aðra, sýnir vilja til að hugsa með öðrum, þrep


**Efni og áhöld:** Vennmyndir sýnilegar á töflu eða vegg, útprentaðar, eða litaðir hringir á gólfi

**Tími/umfang:** Ein kennslustund

**Höfundur verkefnis:** Lovísa sha Mi og Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir

## KENNSLULEIÐBEININGAR

Spurningum varpað fram sem eiga við vennmyndina (Diagram)



Skilgreiningar á litasvæðum:

1. Hvíta svæðið nær yfir alla jarðarbúa
2. Rauða svæðið nær yfir fólk sem er fætt á Íslandi
3. Græna svæðið nær yfir fólk sem talar Íslensku
4. Gula svæðið nær yfir fólk sem vinnur á Íslandi

Þessi vennmynd sýnir sjónrænt sambandið milli flokka og er táknað með hringjum

Skilgreining á tveggja lita svæðum:

1. Svæðin sem skarast (1) með rauða og græna nær yfir fólk sem er fætt á Íslandi og talar Íslensku
2. Svæðin sem skarast (2) sem er rauður og gulur nær yfir fólk sem er fætt á Íslandi og vinnur á Íslandi
3. Svæðin sem skarast (3) sem er gulur og grænn nær yfir fólk sem vinnur á Íslandi og talar Íslensku

Skilgreining á þriggja lita svæðum:

1. Svæðin sem skarast (4) með rauða, græna og gula nær yfir fólk sem vinnur á Íslandi, talar íslensku og býr á Íslandi.

Lýsing á vinnu:



© 2013 VERKEFNABANKI HEIM SPEKITORGSINS, HÖFUNDUR: LOVÍSA SHA MI OG JÓHANNA GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR

Verkefnabanki Heimspekitorgsins er samstarfsverkefni Félags heimspekikennara, The Philosophy Man og kennara hjá Hagnýtri heimspeki.

Kennari teiknar með nemendum vennismyndir og setur upp fram þessar staðhæfingar inn í hringina. Síðan er samræðan hafin og þá mætti spyrja spurningar á borð við:

- Hvað eiga þessir einstaklingar sameiginlegt?
- Hverjir eru Íslendingar?
- Hverir eru ekki Íslendingar?
- Hvað þarf til að vera Íslendingur?
- Hverju er hægt að breyta með því að taka einn til dæmis einn hring út?

Svona má lengi telja, um að gefa hugmyndunum vængi og hefja samræður.

### Tilbrigði við stafið:

Með yngri nemendum er hægt að hafa myndir eða hluti fyrir tákni.

Það má setja hvað eina inn í hringina.

Á vef Verkefnabanda Heimspekitorgs er einnig að finna fleiri hugmyndir að notkun vennismynda

### FLEIRI VERKEFNI Í VERKEFNABANKA HEIMSPEKITORGSINS

- Heimspekileikir – inngangstexti
- Heimspekileg samræða – grunnuppskrift